

Föstudaginn 11. febrúar 1983.

Nr. 30/1982. Ákærvaldið

(Pórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ágústi Símonarsyni

(Örn Clausen hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 2. desember 1981. Af hálfu ákærvalds var krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd og fébætur hækkaðar.

Ágrip barst Hæstarétti 25. júní 1982.

Hinn 15. júní 1981 var flutt sókn og vörn í málinu í sakadómi Akraness. Að því búnu var málinu frestað til frekari rannsóknar. Það var síðan tekið fyrir 20. júlí og þá leidd 3 vitni. Síðan fór fram framhaldsflutningur, og að honum loknum var málið tekið fyrir dóm. Dómari tók málið fyrir að nýju 14. ágúst, lagði fram nokkur ný gögn og tilkynnti verjanda ákærða, að vitnið Sigurður Jóhannsson mundi enn verða kvatt til vitnisburðar. Sú vitnaleiðsla fór fram 29. september, án þess að sækjandi eða verjandi væru þar viðstaddir. Að henni lokinni var málið enn tekið til dóms og dómur svo upp kveðinn 18. nóvember 1981. Voru þá nær 4 mánuðir liðnir frá munnlegum máflutningi. Er þetta brot á 165. gr. laga um meðferð opnberra mála nr. 74/1974, sbr. 191. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.

Dómaranum bar að kynna ákærða, ef kostur var, svo og sækjanda og verjanda framburð Sigurðar Jóhannssonar og gefa þeim kost á að flytja málið á ný. Það gerði hann ekki. Sú málsmeðferð brýtur í bága við reglur 136. gr. laga nr. 74/1974. Breytir það engu, þó að verjandi hafi í þinghaldi 14. ágúst 1981 lýst því yfir, að hann teldi málið þegar hafa fengið næga umfjöllun af sinni hálfu, enda

kom í ljós, að vætti Sigurðar Jóhannssonar gæti skipt miklu máli við úrlausn málsins.

Vegna þessa galla á meðferð málsins verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 4.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, 4.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Akraness 18. nóvember 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. september 1981, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 5. ágúst 1980, höfðað gegn ákærða, Ágústi Simonsyni vélstjóra, Stekkjarholti 7, Akranesi, „fyrir að hafa fimmtudagskvöldið 2. nóvember 1978 ráðist á Kim Mortensen, þá til heimilis að Ólafsbraut 28, Ólafsvík, er hann var að koma út úr Sjálfstæðishúsinu á Akureyri, og slegið hann hnefahögg með þeim afleiðingum, að Kim missti meðvitund og féll í götuna, og í ljós kom við læknisskoðun, að Kim hafði hlotið opið kjálkabrot hægra megin, sem setja þurfti saman með skurðaðgerð.

Telst þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.”

Ákærði er fæddur 19. ágúst 1947 á Akranesi og hefur sætt refsingum sem hér segir:

1976 16/8 á Akranesi: Sátt, 4.500 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga.

I.

Málavextir eru þessir:

Að kvöldi fimmtudagsins 2. nóvember 1978 var beðið um lögreglu- og sjúkrabifreið að Sjálfstæðishúsinu á Akureyri. Á vettvangi gaf sig á tal við

lögregluna maður, sem kvaðst hafa orðið vitni að því, að Ágúst Simonarson, ákærði í máli þessu, greiddi manni nokkrum, sem stóð í anddyri hússins, hnefahögg í andlitið og hafi maðurinn dottið út og fallið í gangstéttina. Árasarþolinn, Kim Mortensen, var farinn upp á Fjórðungssjúkrahúsið, er lögreglan kom, og fengust þær upplýsingar frá sjúkraflutningamönnum, að hann væri litið sem ekkert slasaður.

Síðar kom í ljós, að Kim hafði hlotið nokkra áverka, og er þeim lýst svo í vottorði Gunnars Rafns Jónssonar læknis, dags. 21. júní 1979: „Við skoðun er sjúklingur mjög undir áhrifum áfengis, en þó vel vakandi. Ekki áttaður á stað né stund. Stór kúla er aftan á hnacka, laus jaxl í hæ. neðri góm og blæðing frá tannholdinu í kring. Aumur yfir neðri kjálka hæ. megin. Rtg. mynd af höfuðkúpu neikvæð við komu. Vegna sársauka yfir neðri kjálka og stifleika í hálsi var tekin röntgenmynd af hálsliðum og neðri kjálka. Ekki sáust merki um brot á beinum í háls hrygg, en í myndum af hæ. kjálka sást þverbrot hæ. megin.

Vegna mikillar bólgu yfir brotsvæðinu var aðgerð frestað þar til á sjötta degi eftir komu, er gerð var aðgerð á brotinu. Sjúklingur fékk í aðgerðinni smyrsl í auga og virtist fá ofnæmi fyrir því. Fékk meðhöndlun og jafnaði sig smátt og smátt. Eftir aðgerð fékk sjúkl. sársmít, og plata og skúfur, sem sett höfðu verið í kjálkann til meðhöndlunar brotsins, var fjarlæggt, og fékk sjúkl. í stað þess samvirkun á efri og neðri kjálka með hjálp tannlæknis.

Sjúkl. var í síðasta eftirliti á Göngudeild Handlæknisdeildar þann 30/1 79 og var þá hér um bil gróinn sára sinna. Var þá í eftirliti hjá Sonnenfeld tannlækni.”

Skýrsla var fyrst tekin af Kim Mortensen af lögreglunni á Akureyri þann 28. nóvember 1978. Þar lýsti hann áverkum sínum, en gat það eitt greint frá aðdraganda árasarinnar, að hann hefði verið á dansleik í Sjálfstæðis- húsinu og verið eitthvað undir áhrifum áfengis. Kvaðst hann hafa hringt á leigubifreið einhvern tímann um miðnættið og hafi hann opnað útidyr- hurðina og litið út til þess að gá að henni. Hafi hann þá fengið mikið högg hægra megin á höfuðið rétt ofan og aftan við eyrað.

Ekki kvaðst hann geta greint neitt þar frá til þess, að hann vaknaði á sjúkrahúsinu. Þá kveðst kærandi hafa frétt, að árasarmaðurinn væri ákærði í máli þessu.

Ófeigur Baldursson rannsóknarlögreglumaður hafði sama dag símasam- band við ákærða, en hann var þá kominn út á sjó. Viðurkenndi ákærði að hafa slegið Kim Mortensen. Jafnframt kvað hann Kim hafa verið búinn að áreita sig nokkuð inni í húsinu þá fyrr um kvöldið.

Ákærði kom tvisvar fyrir sakadóm. Hið fyrra sinn, hinn 9. mars 1979, viðurkenndi hann að hafa greitt einhverjum manni, sem hann þekkti ekki, högg með krepptum hnefa. Kvað hann mann þennan, sem hafi verið all-

drukinn, hafa komið aftan að sér og hrint sér og ögrað og hafi hann því ákveðið að verða fyrri til. Ekki kvaðst ákærði hafa séð, að maðurinn fengi áverka, en hins vegar hafi hann dottið í gólfið nokkru síðar, væntanlega vegna ölvunar. Ekki kvað ákærði mann þennan hafa slegið sig beint að fyrra bragði, heldur komið í offorsi aftan að sér og hrint sér. Ákærði kveðst hafa verið nokkuð undir áhrifum áfengis, er þetta gerðist. Er ákærði kom aftur fyrir sakadóm hinn 7. apríl 1981, kvað hann ekki rétt eftir sér haft í skýrslu Ófeigs Baldurssonar, að hann hafi tjáð honum í síma, að hann kannaðist við að hafa slegið Kim Mortensen. Þá bar hann, að hann hvorki játaði né neitaði því að hafa slegið Kim Mortensen. Mikil þvaga hafi verið í anddyrinu og hafi hann ekki slegið til neins, heldur hafi verið stimpingar þarna innan dyra. Þá neitaði hann jafnframt að hafa tekið þátt í nokkrum átökum utan dyra.

Vitnið Sigurður Jóhannsson sjómaður, Hólagötu 28, Vestmannaeyjum, kvaðst hafa verið á dansleik í Sjálfstæðishúsinu á Akureyri í umrætt sinn með ákærða, en þeir voru þá skipsfélagar. Hafi þeir verið í anddyrinu um það bil sem dansleik var að ljúka. Þá kvaðst vitnið skyndilega hafa séð, að ákærði greiddi einhverjum manni þungt hnefahögg í andlitið. Hafi maðurinn fallið við og eins og hálfhenst út úr húsinu og fallið síðan í stéttina og legið þar. Hafi hann ekki hreyft sig og virst vera í roti. Vitnið kvaðst ekki hafa séð aðdraganda árásarinnar, en taldi hann trúlega fremur stuttan, þar sem það hefði hvorki heyrt né séð ákærða og manninn deila.

Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt um það, hvernig maðurinn féll í gangstéttina, en því hafi fundist fallið bera þannig, að hann hafi henst út eða hálffallið við höggið frá ákærða, en síðan hnotið um þröskuldinn í beinu framhaldi og þá lent á gangstéttinni. Vitnið gat ekkert um þetta fullyrt, þar sem það sá ekki fætur mannsins, meðan þetta gerðist, vegna fólksþvögunar í anddyrinu. Vitnið var lítillega undir áhrifum áfengis, er þetta átti sér stað.

Ófeigur Baldursson rannsóknarlögreglumaður hefur fyrir dómi staðfest skýrslu þá, sem fyrr er rakin, um samtalið við ákærða.

Lögreglumennirnir Ólafur Ásgeirsson og Stefán Tryggvason hafa báðir lýst því fyrir dómi, að á vettvangi hafi gefið sig á tal við þá vitnið Sigurður Jóhannsson. Skýrði hann þeim frá því, að hann hefði þá skömmu áður orðið vitni að svo fólkskulegri árás skipsfélaga síns, að hann kvaðst ekki geta þagað yfir því.

Í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknið segir svo m. a.: „Hér er um að ræða alvarlegan áverka, sem vel getur hafa hlotist af líkamsárás af þeirri gerð, sem upp hefur verið gefin. Opið brot á kjálka er vandmeðfarinn áverk. Meðferð reyndis einnig margbrotin, erfið og langsótt, og sjúklíngur hefur haft mjög mikil óþægindi af þessu broti þann langa tíma, sem

meðferðin tók. Auk þess er árangur meðferðarinnar langt undir því marki, sem talist getur viðsættanlegt fyrir ungan mann, því að hann hefur enn veruleg óþægindi í kjálkanum og hægri hluta andlitsins og talsvert áberandi lýti á andlitinu. Þótt ég geri mér vonir um, að hann muni um síðir gróa sára sinna að fullu og losna við lýti, annað en fremur ljótt ör á kjálkabarðinu, þá er þó engan veginn útséð um það, hvort svo verður né hve langan tíma það kann að taka.

Kim kom til undirritaðs þann 2/3 81. Frá því að lokavottorð var gefið út á Fjórðungssjúkrahúsinu, hafði Kim verið í meðferð hjá Sigurjóni Ólafssyni, tannlækni, sem dró úr honum 2 jaxla í neðri góm hægra megin, ofan og framan við ljótt ör, sem hann hefur undir hægra kjálkabarði. Hann segir bitið og tyggingu vera eðlilega. Hann kveðst hafa skakkan munn eftir slysið, og skekkist brosið og munnurinn yfir til vinstri. Hann segist ekki geta opnað munninn eins mikið og áður yfir til hægri vegna stirðleika í hægri kinn og munnviki. Kuldi sæki á hægri kjálka, og verður hann þá stífur, og segist eiga erfitt með mál. Þetta er bagalegt, þar sem hann er sjómaður að atvinnu og er ýmist á togurum eða bátum. Kim segist hafa verið frá vinnu í nálægt 5 mánuði vegna meðferðar á áverkunum.

Við skoðun sést, að munnurinn er ekki eðlilegur, þar sem hægra munnvik er nokkuð stíft, og bros og hreyfingar á vörum valda því, að munnurinn opnast aðallega yfir til vinstri.

Niðurstaða:

Kim hefur hlotið tímabundna og varanlega örorku af slysinu. Óþægindi hans eru frá kjálka og munni, og eru þau talin draga litilsháttar úr starfgetu hans sem sjómanns vegna þess, hversu illa hann þolir kulda og vosbúð, sem tilheyrir því starfi. Örorka hans vegna slyssins er sem hér segir:

Frá slysinu í 5 mánuði 100%

Síðan varanleg örorka 5%."

Sannað er, með framkomnum vitnisburðum svo og öðrum gögnum málsins, að ákærði greiddi Kim Mortensen slíkt högg í höfuðið umrætt sinn, að heilsutjón hlaust af, eins og framan er rakið, og þykir brot hans réttilega fært til 218. gr. laga nr. 19/1940 í ákæruskjali.

II.

Kim Mortensen hefur gert körfu til þess, að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, kr. 71.501.80 með 19% ársvöxtum frá 2. nóvember 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en eftir það 35% ársvöxtum til birtingardags ákæru, en eftir það með dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma,

til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar til handa Ásmundi Jóhannssyni héraðsdómslögmanni vegna aðstoðar hans við kröfugerð og gagnasöfnun í því sambandi skv. texta LMFÍ, kr. 9.750.00.

Bótakrafa, hvað tekjutapið varðar, er byggð á útreikningi Guðjóns Hansen tryggingafræðings, dags. 11. maí sl. Þar er, svo sem venja er, stuðst við tekjur tjónþola fyrir slysið, meðaltekjur sjómanna og verkamanna og lífslíkur skv. eftirlífendatöflum.

Kröfufjárhæðin er sundurliðuð þannig:

1. a. Vegna tímabundins orkutaps í 5 mánuði	kr. 17.034.00
b. Vegna varanlegs orkutaps eftir það	kr. 40.018.00
2. Miskabætur	kr. 10.000.00
3. Kostnaður vegna málsins:	
a. Vottorð Gunnars Rafns Jónssonar	kr. 63.60
b. Vottorð Kurt Sonnenfeld	kr. 63.00
c. Vottorð Gauta Arnþórssonar	kr. 160.60
d. Örorkumat	kr. 986.60
e. Útreikningur örorkumats	kr. 1.120.00
f. Greitt skattstofu	kr. 56.00
4. Ferðakostnaður og uppihald	kr. 2.000.00
Samtals	kr. 71.501.80.

Framangreindir liðir eru rökstuddir á eftirfarandi hátt:

1. Örorkutapið er reiknað út af tryggingafræðingi, og er sá útreikningur byggður á örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis.

2. Liður þessi er byggður á mati. Nær hann til sársauka, óþæginda, lyta og langvarandi legu.

3. Liðir þessir eru allir studdir gögnum.

4. Liður þessi er ekki studdur gögnum, en byggist á ferðum slasaða til Reykjavíkur í sambandi við áverkann. Átt er við flugferðir, gistingu og fæði í tvö skipti. Tjónþoli hefur glatað gögnum um þennan lið, og hefur hann lýst því yfir, að fallið verði frá honum, ef hann sætir andmælum.

Af hálfu ákærða hefur verið krafist frávisunar á bótakröfunni, þar sem hún sé til þess fallin að tefja málið. Á það verður ekki fallist.

Rétt er að taka kröfulið 1 a að fullu til greina. Þá þykja bætur skv. lið nr. 1 b hæfilega metnar með hliðsjón af eingreiðsluhagræði, skattfrelsi o. fl. kr. 30.000.00. Miskabótum skv. 2. lið þykir í hóf stillt, og verða þær að fullu teknar til greina. Þá verða einnig að fullu teknar til greina kröfur skv. 3. lið, enda allar studdar gögnum. Ákærði hefur mótmælt ferðakostnaðar- og uppihaldskröfunni, og kemur hún því ekki til álita vegna yfirlýsingar tjónþola. Samkvæmt því ber ákærða að greiða Kim

Mortensen kr. 59.483.80. Þá greiði ákærði vexti af bótum skv. liðum 1 a og 3, eða samtals af kr. 19.483.80 þannig: með 19% ársvöxtum frá 2. nóvember 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en eftir það 35% ársvöxtum til 14. maí 1981, en bótakrafa er dagsett þann dag. Þá greiði ákærði dómvexti, eins og þeir eru ákveðnir með lögum hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags af kr. 59.483.80.

Ekki þykir eðlilegt að reikna skaðabótakröfuvexti á miskabætur og bætur vegna varanlegs orkutaps, þar sem þær fjárhæðir eru dæmdar með hliðsjón af verðlagi yfirstandandi árs, enda tekjutapskröfurnar í útreikningi tryggingafræðings að hluta reiknaðar til verðlags þessa árs, en að öðru leyti til verðlags hvers tekjuárs fyrir sig. Miskabótakrafan er að sjálfsögðu ekki byggð á fjárhagslegu tjóni og því óeðlilegt að reikna vexti á hana allt aftur til slysadagsins.

Lagaheimild skortir til þess að dæma lögmannsþóknun vegna aðstoðar við tjónþola, og ber því að vísa þeirri kröfu frá.

Niðurstöður

Með hliðsjón af framansögðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 60 daga varðhald, en fullnustu refsingar þykir þó mega fresta og hún að fullu falla niður að tveimur árum liðnum, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði Kim Mortensen kr. 59.483.80. Þar af greiði hann 19% ársvexti af kr. 19.483.80 frá 2. nóvember 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvexti frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvexti frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvexti frá þeim degi til 1. júní 1980, en eftir það 35% ársvexti til 14. maí 1981. Þá greiði ákærði dómvexti, eins og þeir eru ákveðnir með lögum hverju sinni, frá þeim degi til greiðsludags af kr. 59.483.80.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Lúðvíks Emils Kaaber héraðsdómslögmanns, kr. 4.000.00, og 4.000.00 kr. saksóknarlaun í ríkissjóð.

Dráttur sá, er orðið hefur á máli þessu, stafar fyrst og fremst af því, hversu slæga var staðið að rannsókn þess fyrst í stað, svo og af því, hversu mjög vitni og aðiljar hafa dreifst um landið og miðin.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ágúst Símonarson, sæti varðhaldi í 60 daga. Fullnustu refsingar skal þó fresta, og hún að fullu falla niður að tveimur árum liðn-

um, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði Kim Mortensen kr. 59.483.80 innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þar af greiðast 19% ársvextir af kr. 19.483.80 frá 2. nóvember 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, en eftir það 35% ársvextir til 14. maí 1981.

Þá greiði ákærði dómvexti, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma með lögum, af kr. 59.483.80 frá 14. maí 1981 til greiðsludags.

Ákærði greiði Lúðvík Emil Kaaber héraðsdómslögmanni kr. 4.000.00 í málsvarnarlaun og kr. 4.000.00 í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 14. febrúar 1983.

Nr.202/1980. **Ósgerði s/f**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins

(Sigurður Ólason hrl.).

Veiðiréttur. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. október 1980, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. s. m. Hann gerir aðallega þá kröfu, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.